

Borgarstjórn
3. október 2017

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á fyrirkomulagi borgarstjórnarkosninga í því skyni að tryggja áhrif ólíkra íbúahverfa í borgarstjórn

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að beita sér fyrir endurskoðun á sveitarstjórnarlögum og lögum um kosningar til sveitarstjórna í því skyni að tryggja áhrif fulltrúa ólíkra hverfa Reykjavíkur í borgarstjórn. Skoðað verði með hvaða hætti verði unnt að binda kjör borgarfulltrúa, að hluta eða í heild, við ákveðin hverfi eins og mörg dæmi eru um erlendis. Markmiðið er að stytta boðleiðir milli kjörinna fulltrúa og kjósenda og auka áhrif íbúa borgarinnar á ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi borgarstjórnar. Borgarráði er falið að skipa starfshóp sem fjalli um málið og skili tillögum um breytt fyrirkomulag með það að markmiði að þær verði ræddar í borgarstjórn og síðan beint til Alþingis enda verða allar slíkar breytingar að hljóta samþykki þess.